



Mennta- og barnamálaráðuneyti
Borgartúni 33
105 Reykjavík
Skrifstofa ráðuneytisstjóra og innri þjónustu

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 6. maí 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um viðmið fyrir ytra mat í framhaldsskólum – drög til umsagnar 2025, mál nr. S-79/2025

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar viðmið fyrir ytra mat í framhaldsskólum, mál nr. S-79/2025. Samtökin fagna markmiðum ytra mats um að styðja við umbætur, faglega þróun og aukna ábyrgð í rekstri framhaldsskóla. Að stuðla að sjálfbæru gæðastarfi og gagnsæi í menntun er mikilvægur þáttur í því að byggja undir framtíð vinnumarkaðarins og efla hæfniungs fólks. Þrátt fyrir það hafa SI áhyggjur af því að fyrirliggjandi viðmið nái ekki nægilega vel að mæta raunþörfum, sér í lagi í tengslum við iðn- og tæknimenntun, nýsköpunarmenntun og þróun STEAM-greina. Einnig vekur athygli að ytra mat, eins og það er framkvæmt í dag, virðist fremur þjóna formi en tilgangi, og hefur að litlu leyti skilað áþreifanlegum umbótum í skólastarfi.

Umgjörð náms, vinnustaðanám og tengsl við atvinnulíf

Í kafla 1.1 er fjallar um „Umgjörð, skipulag og inntak náms“ er aðeins eitt viðmið sem snýr beint að tækjabúnaði og kennsluaðstöðu. Þetta telja SI ábótavant þar sem slíkir þættir eru grundvallarforsenda þess að hægt sé að bjóða upp á vandað iðn- og tækninám. Nauðsynlegt er að ytra mat endurspegli hvort skólarnir hafi aðgang að nauðsynlegum tækjum, hugbúnaði, húsnæði og fjármagni, en ekki einungis hvort þeir uppfylli formlegar kröfur.

Í kafla 1.8 er fjallar um vinnustaðanám kemur fram vilji til samræmingar og aukins skýrleika í ábyrgðarskiptingu, en SI telur að ganga þurfi mun lengra í því að afmarka hlutverk skólans annars vegar og vinnustaðar hins vegar. Samtökin leggja áherslu á að skýrt komi fram að mat á verklegri hæfni í starfsnámi skuli fara fram af hálfu meistara eða fagfólks á vinnustaðnum¹, en ekki starfsmanna skóla. Þetta er í samræmi við eðli og hefðir iðnnáms og tryggir faglegt réttmæti matsins.

Kafla 2.3 um ytri tengsl fjallar almennt um samstarf við samfélag og atvinnulíf, en án þess að kveða á um hvernig slíkt samstarf skuli mælt eða hvernig það skilar sér í þróun námsbrauta og hæfniviðmiða. Engar kröfur eru gerðar um að skólar hafi samráð við atvinnulíf um innihald

¹ [Grunnstoðir iðnnáms á Íslandi eru ekki nægilega tryggðar](#)

náms, þróun hæfni eða gæði vinnustaðanáms. Ekki er heldur fjallað um hvernig tryggt sé að nemendur fái þjálfun í þeirri færni sem atvinnulífið krefst á hverjum tíma.

Nýsköpun, frumkvöðlamenntun og STEAM-greinar

Þrátt fyrir að STEAM-greinar, vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði séu lykilforsenda vaxtar í hug- og tækniiðnaði, eru engin viðmið í drögunum sem meta hvernig skólar styðja við þessar greinar. Ekkert er fjallað um þátttöku í nýsköpun, forritun, frumkvöðlaverkefni eða samstarf við atvinnulíf í þróun verkefnamiðaðs náms.

Samtökin leggja til að bætt verði við viðmið sem gera skólum kleift að meta sérstaklega:

- Þátttöku skóla í viðurkenndum frumkvöðlaverkefnum, s.s. ungum frumkvöðlum eða sambærilegum verkefnum í samvinnu við nærumhverfi.
- Samstarf skóla og fyrirtækja við þróun verkefnamiðaðs náms og skapandi kennsluhátta.
- Nýtingu aðferða tengdum STEAM og nýsköpun sem hluta af umbótum og innra mati skóla.

Slík viðmið væru mikilvæg til að tryggja að skólakerfið undirbúi nemendur undir þátttöku í framtíðariðnaði og þekkingarhagkerfi, þar sem skapandi lausnir og tæknileg hæfni verða lykilfærniþættir.

Ytra mat sem umbótatæki eða formsatriði?

Reynsla undanfarinna ára sýnir að ytra mat, eins og það hefur verið framkvæmt, hefur að verulegu leyti orðið íþynggjandi fyrir skólana án þess að leiða til markvissra umbóta. Skýrslur skólanna sem birtar eru á vef MMS² endurspeglar í mörgum tilvikum verklagsmat sem nýtist takmarkað í stefnumótun eða þróun samstarfs við atvinnulíf.

Ef ytra mat á að nýtast sem raunverulegt umbótatæki þarf að endurskoða tilgang þess og útfærslu:

- Ytra mat ætti að meta sérstaklega hvort skólarnir hafi raunverulegar forsendur til umbóta það er að segja fjármagn, tæki og húsnæði sem duga til að veita gæðanám í iðn- og tæknigreinum.
- Matið þarf að innihalda kafla um frumkvöðlamenntun og nýsköpun sem grundvöll þróunar náms og kennsluhátta sem meta á milli skóla.
- Skýrslur ytra mats þurfa að vera einfaldari og gegna hlutverki stefnumótunartækis fremur en eftirlitsvettvangs.

Samtökin hvetja til þess að ráðuneytið nýti gæðaviðmið bæði í innra og ytra mati sem tæki til að þróa framtíðarstefnu fyrir menntun í þekkingarhagkerfi, þar sem lausnamiðuð hugsun, tæknifærni og frumkvæði eru megináherslur.

Lokaorð – mikilvægi skýrra viðmiða og skilvirks mats


Samtökin telja að þær breytingar sem lagðar eru til í fyrirbyggjandi viðmiðum fyrir ytra mat nái ekki nægilega vel að taka á grundvallaráskorunum sem blasa við menntakerfinu sérstaklega í tengslum við iðn- og tæknináms, þróun nýsköpunarmenntunar og hæfnipróun fyrir atvinnulíf

² <https://mms.is/framhaldsskolar-1>

framtiðarinnar. Til að ytra mat geti gegnt hlutverki raunverulegs umbótatækis þarf það að tengjast betur stefnumörkun stjórnvalda um gæði náms og samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar og atvinnulífs. Að sama skapi er mikilvægt að styrkja innra mat skóla sem hluta af umbótastarfi. Til þess að það geti verið skilvirktt þarf að tryggja ákveðið samræmi milli skóla. Sem dæmi má nefna að námsbrautir þurfa að byggja á sömu hæfniviðmiðum og vera settar upp á sama hæfniprepi, með sambærilegum einingafjölda, samanber þriggja ára nám til stúdentsprófs ætti að vera 180 einingar en er á flestum stöðum 200 einingar³ sem gerir það að verkum að nemendur eru hálfu ári lengur að klára stúdentspróf. Áfangar þurfa að fela í sér sambærileg viðmið og hæfni og að síðustu þyrftu skólar að vinna með innri gæðaviðmið til að tryggja gæði kennslu og námsmats.

SI hvetur því ráðuneytið eindregið til að styðja við innleiðingu innri gæðaviðmiða á framhaldsskólastigi sem hluta af samræmdu og umbótadrifnu innra mati, í samspili við ytra mat. Þetta er forsenda þess að byggja upp menntakerfi þar sem námsframboð er gagnsætt, sambærilegt og þjónar hagsmunum nemenda, atvinnulífs og samfélagsins alls.

f.h. Samtaka iðnaðarins



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir

verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

³ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2022-2023/>